

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2024

Sendu okkur tilnefningar og ábendingar

Ár hvert veitir Reykjavíkurborg viðurkenningar fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum og fyrir lóðir þjónustu-, stofnana- og fjölbýlishúsa sem þykja til fyrirmyndar. Auk þess eru veittar viðurkenningar fyrir útsvæði við verslunar- og þjónustuhúsnæði sem eru skemmtilega útfærð og nýtt yfir sumartímann.

Óskað er eftir ábendingum um hús og lóðir sem verðskulda fegrunarviðurkenningu í ár. Valið verður í höndum starfshóps sem skipaður er fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði og Borgarsögusafni.

Ábendingar skulu sendar inn með tölvupósti merktum **Fegrunarviðurkenningar 2024** á skipulag@reykjavik.is í síðasta lagi þann 30. júní 2024.



Reykjavík